Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



TÍMANNA SAFN

200 ára | 1818–2018

Sýning opnuð 18. apríl 2018

TÍMANNA SAFN

1817
Friedrich Schlichtegroll hvetur til stofnunar bókasafns á Íslandi.

1818
Carl Christian Rafn leggur til að „þrír vega, hvörnig alment bókasafn verði best stofnað á Íslandi". Geir Vídalín biskup samþykkir hugmyndina og leitar fjármagns. Stiftisbókasafnið stofnað 28. ágúst.

1825
Safnið er opnað á Dómkirkjuloftinu til almennings notenda einu klukkustund í viku, á miðvikudögum frá tólf til eitt.

1826
C.C. Rafn prentar skýrslu með yfirliti yfir bækur safnsins. Hann hafði sjálfur afladi 918 binda af 1.542. *Regluger∂ fyrir bókavörð Íslands Stiftisbókasafns* samin.
Peter Fyldstad Hoppe stiftamtmaður tekur að sér bókavarðarstörf safnsins.

1828
Fyrsta skráin yfir bókakost safnsins. *Registr yfir íslands Stiftisbókasafn* eftir Hoppe stiftamtmann og bókavörð, er prentuð í Kaupmannahöfn. Safnkosturinn er 3.777 bindi.

1829
Hoppe stiftamtmaður lætur af störfum.

1830
Lorens Angel Krieger stiftamtmaður sendir bréf til C.C. Rafns um að hann „afli sér að taka við bókaverslunni ikt og forveri hans. Safnið telur 6.253 „bindi og númer".

1831
Innistæða safnsins í jarðabókarsjóði er 625 ríkisdalir. Stærstum hluta þess, eða um 450 ríkisdölum, hafði C.C. Rafn safnað.

1832
Eingöngu 29 bindi bætast í safnkostinn á þessu ári.

1834
Ólafur Finsen gegnir bókavarðarstörfum til ársins 1836 í fjarveru Kriegers stiftamtmanns.

1835
Eitt eintak af hverri bók sem er prentuð í sa∂ns-prentsmi∂junni í Viðey skal afhent Stiftisbókasafninu. Safnið telur 7.179 bindi við árslok.

1837
Karl Emil Bardenfleth stiftamtmaður tekur sæti í stjórnarnefnd safnsins. Hann losar sig fljótt við bókavarðarstörfin vegna anna og er Þórður Jónasson, síðar háyfirdómari, honum til þeirra.

1839
Eingöngu bætast 12 bindi við á þessu ári og er safnkosturinn orðinn 7.470 bindi.

1842
Registr yfir Islands Stiftisbókasafn eftir Þórð Jónasson kemur út.

1844
Jón Sigurðsson fær sæti í stjórnarnefnd safnsins og verður í henni til ársins 1902.

1845
Torkil Abraham Hoppe stiftamtmaður tekur sæti í stjórnarnefndinni. Hann velur bækur úr hvítbókasafni Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn sem gefnar eru Stiftisbókasafninu.

1846
Handritasafn stofnað.

1848
Jón Árnason ráðinn bókavörður. Halldór Kr. Friðriksson tekur sæti í stjórnarnefnd safnsins og situr í henni til ársins 1902.

1852
Læntekendur safnsins eru 46 og lánuð bindi úr safninu eru 1.518 talsins.

1857
Páll Pálsson stúdent er falinn að binda inn bækur fyrir safnið.

1864
C.C. Rafn, velgjörðarmaður safnsins, deyr.

1866
Læntekendur safnsins eru 38 og lánuð bindi eru 931.

1874
Skrá yfir prentaðar íslenzkar bækur og handrit í Stiftisbókasafninu í Reykjavík gefin út.
Jón Árnason tók saman.

1877
Bóka- og handritasafn Jóns Sigurðssonar keypt, en voru afhent safninu 1881.
Handrit Jóns Sigurðssonar voru 1.342 talsins.

1879
Læntekar safnsins eru 30 talsins og útlánuð bindi eru 449.

1880
Læntekar safnsins eru 20 og útlánuð bindi eru 432.
Safnkosturinn er um 13 þúsund bindi bóka og handrita.

1881
Smíði Alþingishússins lýkur og er safnið flutt þangað um sumarið. Safnið fær nýtt nafn, Landsbókasafn.

1882
Safnið opnað fyrir almenningi í Alþingishúsinu.

1883
Jón Árnason ætlar að safnið eigi um 20 þúsund bindi bóka og handrita. Handrit er í fyrsta skipti lánað í millisafnaláni frá safninu til útlanda.

1884
Samþykkt lög um prentsmiðjur. Þær skulu láta Landsbókasafninu í té tvö eintök af hverju því sem prentað er.

1887
Jón Árnason hættir störfum. Hallgrímur Melsted tekur við en hann hafði þá þegar starfað nokkur ár í safninu. Pálmi Pálsson hefur störf í safninu og starfar þar til 1895.

1888
Útgáfa ritaukaskrár hefst.

1894
Bygging Safnahúss ræðd á Alþingi.

1899
Vinna við gerð spjaldskrár hefst.

1901
Handritasafn Hins íslenska bókmenntafélags keypt til safnsins, alls um 1.800 bindi.

1906
Bygging Safnahússins hefst. Safnið á um 69 þúsund bindi bóka og handrita.

1907
Alþingi samþykkir lög um stjórn Landsbókasafns sem taka gildi 1. janúar 1908. Landsbókavörður skal ný einn stýra safninu og heyra beint undir stjórnarráðið. Dewey flokkkurnarkerfið tekið í notkun.

1908
Jón Árnason ráðinn landsbóka-vörður. Bókbandsstofa stofnuð og fyrsti forstöðumaður hennar ráðinn til starfa, Rundólfur Guðjónsson.

1910
Landsbókasafn opnar í Safnahúsinu.
Fjöldi starfsmanna er þrír.
Safnkosturinn er um 77 þúsund bækur, tímarit og handrit. Alls eru á 674 gestir á lestrarsölum safnsins þetta ár.

1918
Alda∂rafmæli Landsbókasafns.
Safnei∂nin telur 100.000 bindi.
Hafin er útgáfa á *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins* eftir Páll Eggert Ólason.

1920
Minningarrit vegna 100 ára afmælis Landsbókasafns eftir Jón Jacobson kemur út.

1924
Guðmundur Finnbogason ráðinn landsbókavörður.

1925
13.625 bækur lánaðar. Frá 14. júlí til 17. október var lestrarsalur safnsins lokaður vegna viðgerðar á húsinu.

1927
Annað bindi af *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins* eftir Páll Eggert Ólason kemur út.

1930
Safnið telur 126.390 bindi.

1935
Þriðja bindi af *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins* eftir Páll Eggert Ólason kemur út.

1937
Safnið telur 142.682 bindi.

1940
Handrit og eldsta bækur fluttar til Flóða vegna hernáms Íslands.
Hásköladbókasafn stofnað í nýrri Aðalbyggingu Háskóla Íslands.
Þar voru saman sett söfn Þjóðvinafélags (1847), Lærknaskólans (1876), Lagaskólans (1908) og bókasafn heimspekideildar (1911).
Samtals eru í þessum söfnum um 30 þúsund bindi.
Einar Ólafur Sveinsson ráðinn háskólabókavörður.

1942
Handritasafn er flutt í nýjan handritasal á fyrstu hæð í Safnahúsinu og verður við það sérstök eining innan safnsins.
Fyrsti forstöðumaður handritadeildar er Lárus H. Blöndal.

1944
Finnbogi Guðmundsson ráðinn landsbókavörður.
Viðgerðarstofa stofnuð undir forsjá Vigdísar Björnsdóttur.

1944
Nefnd um sameiningu Landsbókasafns og Hásköladbókasafns og nýja byggingu í nágrenni Háskólans skipuð.

1947
Ritröðin *Íslenzk rit í frumgerð* hefur göngu sína. Fyrsta bókin er *Nockrer margi-froder sagu-ijanter Islendinga.*

1948
Annað bindi *Íslenzkra rita í frumgerð* kemur út, *Brevis commentarius de Islandia.*

1949
Ný lög um Landsbókasafn Íslands samþykkt, nr. 44/1949.

1952
Safnei∂n telur um 190 þúsund bindi. Fjöldi lánaðra bóka er rúmlega 22 þúsund.

1954
Fyrsta bindið af *Drögum að skrá um ritverk á íslenzku að fornu og nýju af latneskum stöfum* kemur út.
Annað bindi kemur út 1958.

1957
Þingsályktunartillaga um að sameina Hásköladbókasafn og Landsbókasafn. Lýsmyndun handrita á míkrófilmur hefst.

1958
Safnei∂n telur um 222 þúsund bindi.

1959
Annað aukabindi af *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins* eftir Lárus H. Blöndal kemur út.

1963
Safnei∂n telur um 232 þúsund bindi.

1969
Ný lög um Landsbókasafn Íslands samþykkt, nr. 38/1969.

1970
Útgáfa hefst á *Samskrá um erlendan ritauka íslenskra rannsóknarstofnana.*
Þriðja aukabindi af *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins* eftir Grím M. Helgason og Lárus H. Blöndal kemur út.

1971
Þriðja bindi *Íslenzkra rita í frumgerð* kemur út, *Kvæ∂ me∂ lítium vi∂bætar* ásamt efnis- og nafnaskrá.
294.896 bindi.

1974
Einar Sigurðsson ráðinn háskólabókavörður.
Íslensk bókaskrá unnin í tölvu.

1975
Karl Gústaf Sváfnisson ráðinn bókavörður.
Kristján Eldjárn, forseti Íslands, Kringlublað til varðveislu á Landsbókasafni.

1976
Nýr flokkur *Árbókar Landsbókasafns* hefur göngu sína þegar byrjað er að gefa *Íslenska bókaskrá* út í sérriti.
Ritið kemur út til ársins 1994.

1977
Lög um skyldueintak á hljóðritum taka gildi.

1978
Fyrsta skóflustungan að þjóðarbókhlöðu.
Samskrá um erlendan ritauka *í íslenskum bókasöfnum* og *stofnunum* kemur út.
Bókakostur er 343.622 bindi.

1979
Íslensk bókaskrá kemur út ónnin í tölvuformi sem kallað er Gramk.

1980
Íslensk hljóðritaskrá fyrir árið 1979 kemur út.

1981
Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands leggur hornstein að Þjóðarbókhlöðu.

1982
Fjórða bindi *Íslenzkra rita í frumgerð* kemur út, *Lýtid vingi stafunar barn.*

1985
Bókakostur samkvæmt aðfangaskrá er 379.576 bindi.

1989
Ákveðið er að svæðisskiptstofa fyrir ISBN-kerfið verði í þjóðdeild Landsbókasafns. Tölumerking rits samkvæmt kerfinu hefst í mars 1990.

1991
Bókasafnskerfið Gegnir er opnað almenningi.
Ritaskrárin *Skrá um Island í safnritum erlendra manna, um þjó∂lí∂ og náttúru landsins* kemur út.

1992
Þórir Ragnarsson ráðinn háskólabókavörður.

1993
Safnei∂n Landsbókasafns telur 437.643 bindi. Safnei∂n Hásköladbókasafns 331.561 bindi.

1994
Landsbókasafn Íslands og Hásköladbókasafn sameinuð með lögum nr. 71/1994 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þjóðarbókhlaðan formlega opnuð.
Skrá um íslensk blöð og tímarit 1974–1993 kemur út.
Nanna Bjarnadóttir er starfandi landsbókavörður haustið 1994.
Einar Sigurðsson hásköladbókavörður tekur við starfinu 1. desember.
Varðveitt tölnlsterefni er gert aðgengilegt. Sérstakt safnið.
Fjöldi starfsmanna Landsbókasafns fyrir sameiningu safnanna er 41 og gestir á lestrarsölum eru 12.282. Safnkosturinn er rúmlega 457 þúsund bækur, tímarit og handrit.

1995
Fyrstum bókhlöðunna – þjóðarbókhlöðunni – tekið á móti gestum.
Fyrstu lestrarsalirnir í Þjóðarbókhlöðu eru teknir í notkun.
Árskverk í safninu eru 85,17.

1996
Ritmennt, ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur göngu sína og kemur út til ársins 2005.
Passíusálmar Hallgríms Péturssonar gefnir út með ljósprentuðum eiginhandarritu, JS 337 4to, stafréttum texta og lestexta.
Fjórða aukabindi af *Skrá um handritasafn Landsbókasafnsins* eftir Grím M. Helgason og Ögmund Helgason kemur út.
Kvennasögusafn Íslands, sem stofnað var 1975, verður safnvirnig innan safnsins.

1997
Vefur með Íslandskortum opnaður.
Hann var endurnýjaður 2012 á slóðinni www.islandskort.is. Samstarfsaðilar voru Landmælingar Íslands og Háskóla Íslands undirrituðu.

1998
Aðgangur keyptur að fyrsta gagnasafninu með rafrænum tímaritum, ABI / Inform.

1999
Landsaðgangur að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum hefst.

2000
Skráð eintök Landsbókasafns í Gegni eru samtals 767.621.

2001
Vefurinn www.hvar.is opnaður.
Sagnanetið opnað.

2002
Sigrún Klara Hannesdóttir ráðin landsbókavörður.
Vefurinn www.timarit.is opnaður.
Styttt íslensk útgáfa af *Flokkunarkerfi Deweys* kemur út.
Í tilefni af aldarafmæli Halldórs Laxness er *Ritmennt* tileinkuð honum.

2003
Nýr Gegnir fyrir öll bókasöfn í landinu opnaður á vegum Landskerfis bókasafna.
Gagnastjórnun á vegum safnsins.
Stöðugildi í fatahengi safnsins voru 2,10.
Tölvuskrá utlán voru 67.591.

2004
Galdrakver, ljósprentun handritsins Lbs 143 8vo, kemur út í tilefni 10 ára afmælis samnefnds safns.

2005
Vefsöfnun hefst. Skyldueski á dagsprenti eru 14.400 eintök.

2006
Fjöldi safnkynninga er 92.

2007
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir ráðin landsbókavörður.
Íslensk útgáfuskrá opnuð.
Ársverk í safninu eru 82,3.

2008
Hýsing Skemmunnar, www.skemman.is, rafrænns gagnasafns háskólanna á Íslandi fyrir lokaverkefni nemenda fyst til safnsins.
Ný myndvinnsluálna fyrir stafrænna endurgerð tekin í notkun.

2009
Vefurinn www.handrit.is opnar og einnig vefsafn.is.
Fyrsta fésbókarsíða safnsins opnuð.

2010
Vefurinn www.baekur.is opnaður.
Vefurinn www.rafhladan.is opnar þar sem aðgengi er veitt að rafrænu efni sem fellur undir lög um skyldueski.

2011
Lög nr. 142/2011 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn samþykkt.

2012
Miðstöð munnlegrar sögu, stofnuð 2007, verður einnig innan safnsins.

2013
Stefna safnsins, *Þekkingarveita í allra þágu*, birt.
Umhlaup á SMN notunarmum hefst.
Heildarsöfnun á vefjum er 277.228 heimasíður.

2014
Vefurinn www.hljodrit.is landsbókasafn.is opnaður.
Áttavitinn tekin í notkun.
Íslensk bókaskrá 1534–1844 opnuð á vef.
Innleiðing RDA skráningarreglna hefst og lýkur 2016.

2015
Sýningin *Sjónarhorn í Safnahúsinu* opnuð.
Safnið tekur við hluta safnkosts Leikminjasafns Íslands til varðveislu.
Vefurinn www.einkaskjol.is opnaður.
Söfnuðetingar á tímarit.is eru 5.841.477 talsins.

2016
Varðveislusafnið Opin visindi, www.opinvisindi.is, opnað.
Samstarf við ritver Háskóla Íslands hefst.
Heildarfjöldi eintaka sem fellur undir lög um skyldueski er 916.462 og heildarútlán eru 92.080.
Vefsafnið er 3.650 milljónir skjala og fyllir 76 terabæt af geymsluplássi.

2017
Tónlistarsafn Íslands, stofnað 2009, verður einnig innan safnsins.
Ljóðaverðlaunin Maístjarnan veitt í fyrsta sinn.
Starfsmenn safnsins eru 79 í 70,4 ársverkum.

2018
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn fagnar 200 ára afmæli.

1818 1828 1838 1848 1858 1868 1878 1888 1898 1908 1918 1928 1938 1948 1958 1968 1978 1988 1998 2008 2018

Upphaf skylduskila og landsbókasafna

1482 – Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn stofnað.

1611 – Johannes Bureus ráðinn konunglegur bókavörður í Svíþjóð.

1640 – Elsti hluti Landsbókasafns Finnlands (Kansalliskirjasto) stofnaður.

1663 – Peter Gryffenfeld ráðinn konunglegur bókavörður í Danmörku.

1811 – Háskólabókasafnið í Osló stofnað (var einnig landsbókasafn).

1818 – Stiftisbókasafnið (Landsbókasafnið) á Íslandi stofnað.

1828 – Landsbókasafn Færeyja (Føroya Landsbókasavn) stofnað.

1956 – Landsbókasafn Grænlands (Nunatta Atuagaateqarfia) stofnað.

1989 – Konunglega bókasafnið og Háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn sameinuð.

1994 – Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið á Íslandi sameinuð.

1999 – Landsbókasafnið (Nasjonalbiblioteket) í Noregi stofnað.

Frakkland var fyrst landa til að taka upp skylduskil á bókum með Montpellier-tilskipuninni árið 1537. Á Norðurlöndum var Svíþjóð fyrsta ríkið til að fyrirskipa skylduskil árið 1661. Allir prentsmiðir skyldu afhenda tvö eintök af hverri bók fyrir dreifingu hennar, annað til ríkisskjalasafnsins og hitt til konunglega bókasafnsins. Tilgangur þessa var þó frekar að fylgjast með innihaldi bókanna en til að tryggja varðveislu þeirra. Þessi siður komst á víðar á svipuðum tíma, því að í konungsbréfi til Brynjólfs Sveinssonar Skálholtsbiskups þann 27. maí 1662 fór Friðrik III. Danakonungur fram á það að sér yrðu send tvö óbundin eintök af öllum bókum sem á íslensku og á Íslandi prentaðar hafi verið og hér eftir prentaðar muni verða. Jón Espólín orðaði það svo tæpum tveimur öldum síðar: „því at Fridrikr konúngur ann mjög vísindum.“

Fyrsta konungsbókasafnið sem opnað var almenningi var Konunglega franska bókasafnið í Louvre árið 1692. Hið sama gerðist 101 ári síðar í Danmörku, samkvæmt konungsúrskurði frá 15. nóvember 1793 um að Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn skyldi opnað almenningi.



Friðrik III.

Jarðvegurinn sem Stiftisbókasafnið spratt úr



Friedrich Schlichtegroll.

Átjánda öldin hefur verið talin niðurlægingar- og hnignunarskeið á Íslandi. Árið 1771 var svo komið að Bjarni Jónsson rektor Skálholtsskóla lagði til við Landsnefndina fyrri að íslensk tunga yrði lögð niður og danska tekin upp í staðinn.

Viðspyrnan gegn ótímabærum andlátsfregnum íslenskunnar hófst í byrjun 19. aldar, ekki síst fyrir tilstilli Dana. Þar fór málfræðingurinn Rasmus Christian Rask fremstur í flokki en hann var upphafsmaður Hins íslenska bókmenntafélags 1816. Í kjölfarið fylgdu svo Fjölnismenn sem vöktu metnað Íslendinga til að efla og viðhalda móðurmálinu. Draumur erlendra sem innlendra menntamanna í upphafi 19. aldar var að koma á fót vísindastofnun og bókasafni á Íslandi sem gæti orðið miðstöð rannsókna á hinum norræna menningararfi.

Þann 28. ágúst 1817 skrifaði Friedrich Schlichtegroll, aðalritari Hinnar konunglegu vísindaakademíu í München, bréf til Münsters Sjálandsbiskups þar sem hann hvatti til stofnunar bókasafns á Íslandi „í öllum vísindagreinum“ og hann sá fyrir sér „dómarann, vörð laganna, umboðsmann stjórnarinnar, vera að stytta sér vetrarkvöldin löngu við lestur fræðirita.“

Um hundrað árum áður hafði íslenskur maður, Páll Vídalín, viðrað keimlíka hugmynd – án þess að hún hefði neinar framkvæmdir í för með sér. Hann skrifaði: „Eður hvernig megum vér í fátækt þessa lands til bóka ná, … [ef] engin er á landinu bibliotheca publica?“

„Reykjavík varð fljótt fjölbyggð og apaði eftir útlendra kaupstöðum, eftir því sem færi gafst til, í munaðarlífi, metnaði, prakt, svallsemi, lystugheitum, og ýmsu, er reiknast til hins fína móðs … og hún varð fljótt minn einka höfuðstaður.“

Magnús Stephensen. *Eptirmæli 18. aldar*. 1806.

STAÐFESTING KONUNGS Á STOFNUN SAFNSINS

ALLRANADUGUST STADFESTING GRUNDVALLANARAKVARDANA
FYRIR ISLANDS STIFTISBOKASAFNI

Vèr Fridrik enn sjötti, af nád guds Danmerkr, Vinda og Gauta konúngr, hertogi til Slèsvíkur, Holdsetulands, Stórmæris, Þéttmerkskis, Lávenborgar og Aldinborgar, gjörum kunnigt, ad þared stjórn stiftisbókasafnsins á Islandi allraundirgefnast hefir bedizt Vorrar allrahærstu stadfestíngar á þeirri fyrir ádrnefndu stiftisbókasafni hèrvidfestu grundvallarákvardan, þá viljum Vér allranádugast stadfesta og gilda gjöra nefnda grundvallarákvardan, sem til er af önnr samhljóda skrá, þeirri sem hèr er vidfest, í Voru Danska Cancellíi, eins og Vèr hèrmed fullgildum og stadfestum hana í sèrhverju hennar ordi, atridi og ákvædi. Bönnum Vèr einum og sèrhvörjum þad ad hindra, sem framan er skrifad.

Utgefid í Vorum konúngliga adsetrstad Kaupmannahöfn, dag 15da Nóvbr. 1826.
Undir Vor Konúnglig hönd og innsigli.
Frederik Rex.

PROSPECT AF REYKIAVIK HANDELSTÆD UDI ISLAND

Carl Christian Rafn og Stiftisbókasafnið

Amtsbókasöfn og lestrarfélög

Á 19. öld var mikil gróska í bókasafnsmálum landsins. Þrjú amtsbókasöfn voru stofnuð, fyrst í Norðuramti á Akureyri 1827, en það hvíldi á grunni Hins norðlenska lestrarfélags sem var stofnað 1791 og Grímur Jónsson amtmaður endurreisti sem Hið eyfirska lestrarfélag árið 1825, svo bókasafn Vesturamtsins í Stykkishólmi 1847 og loks bókasafn Austuramtsins á Seyðisfirði 1893. Elsta almenna bókasafn landsins var stofnað í Flatey á Breiðafirði árið 1833, Flateyjar framfarastiftun. Í kjölfar þess voru sýslubókasöfn og lestrarfélög sett á fót víða um land.





Carl Christian Rafn.

Fóstri Stiftisbókasafnsins var danski fornfræðingurinn og liðsforinginn Carl Christian Rafn. Þann 30. mars 1818 var kynnt í stjórn Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags bréf frá Rafni með tillögu um að stofnuð skyldi nefnd til að „yfirvega, hvörnig alment bókasafn verði bezt stiftað á Íslandi“ ásamt boði um bókagjöf.

Bjarni Thorsteinsson forseti deildarinnar þakkaði Rafni frumkvæðið, skrifaði Reykjavíkurdeild félagsins og fól henni að ræða við stiftsyfirvöld.

Svar barst 28. ágúst með bréfi Geirs Vídalín biskups til Árna Helgasonar Dómkirkjuprests og forseta Reykjavíkurdeildarinnar þar sem hann segist munu biðja kansellíið um fjárstyrk fyrir húsnæði á Dómkirkjuloftinu fyrir bækurnar.

Þessi dagur, 28. ágúst 1818, er talinn stofndagur Stiftisbókasafnsins. Jón Jacobson landsbókavörður rökstuddi það síðar á þennan hátt: „og má það til sanns vegar færast, þar sem biskup landsins fyrir hönd stiftsyfirvalda þá meðtekur fyrsta vísi safnsins fyrir hönd landa sinna og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til húsnæðis útvegunar fyrir bækur þær, sem Rafn þá þegar hafði safnað.“

Rafn hélt ótrauður áfram að starfa að hugsjón sinni. Árið 1824 tók hann að sér aðföng og flutning gjafabóka frá Kaupmannahöfn og sinnti því endurgjaldslaust í 40 ár. Árið 1826 lét hann prenta skýrslu um safnið handa velgjörðarmönnum þess. Þar kom fram að hann sjálfur hafði aflað 918 binda af þeim 1.545 sem gefin höfðu verið.

Rafn kom aldrei til Íslands og heimsótti því aldrei safnið sem hann fóstraði af alúð í áratugi.


Metnaður Rafns gagnvart bókasöfnum takmarkaðist ekki við Ísland. Hann átti einnig stóran þátt í stofnun bókasafna í Óðinsvéum, Kaupmannahöfn, á Grænlandi, í Færeyjum, Aþenu, Odessa í Úkraínu og Ástralíu.

Til eflingar vísinda og nytsamra lista

Fyrstu bækur safnsins komu til Reykjavíkur frá Danmörku síðsumars árið 1820 og var þeim til bráðabrigða komið fyrir í stiftamtmannshúsinu (nú Stjórnarráðinu). Varðveitt er fyrsta aðfangabókin, dagsett sama ár. Af henni má ráða hvað vakti fyrir stofnendum safnsins eða að minnsta kosti hvers konar bókasafn þeir ætluðu sér að byggja upp. Rit um sögu og tungu Norðurlanda, klassískar menntir, grískar og latneskar eru áberandi en einnig rit um raunvísindi þess tíma, ferðalýsingar, landabréf og fagurbókmenntir. Sem sagt alhliða fræða- og vísindabókasafn fyrir Íslendinga.

Safnið varð til og óx fyrstu árin og áratugina af gjöfum, mikið til erlendum. Auk áðurnefndra rita kennir ýmissa grasa í aðfangabókinni. Lítið fer þó fyrir íslenskum bókum framan af, fyrstu 500 færslurnar telja þrjú íslensk rit.


Fyrsta skráin yfir safnkostinn var prentuð á kostnað Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn 1828. Voru þá í safninu samtals 3.777 bindi. Aðalhöfundur hennar var Peder Fieldsted Hoppe stiftamtmaður.




Peder Fieldsted Hoppe

Þrátt fyrir að Jón Árnason sé iðulega talinn fyrsti landsbókavörðurinn er ómögulegt að líta framhjá því hlutverki sem Hoppe gegndi í starfi safnsins en auk þess að að semja fyrstu bókaskrána var hann formaður stjórnar safnsins, kom að uppsetningu þess og annaðist almenna bókavörslu til að byrja með. Í raun má segja að hann hafi verið fyrsti bókavörðurinn.

Fyrsti landsbókavörðurinn



Jón Árnason fæddist á Hofi á Skagaströnd 17. ágúst 1819. Hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla árið 1843 og hóf eftir það störf sem heimiliskennari hjá Sveinbirni Egilssyni. Hann fluttist með Sveinbirni og fjölskyldu hans frá Álftanesi til Reykjavíkur árið 1846 og starfaði sem heimiliskennari hjá þeim allt til ársins 1855. Jafnframt tók hann að sér stundakennslu í Lærða skólanum á þessum árum auk þess sem hann sinnti prófarkalestri. Árið 1848 var Jón ráðinn bókavörður við Landsbókasafn og gegndi því starfi þar til hann fór á eftirlaun árið 1887. Hann sinnti ýmsum öðrum störfum, var til að mynda biskupsskrifari á árunum 1856–1867, umsjónarmaður í Lærða skólanum 1867–1879 og sat í stjórn Reykjavíkurdeildar Hins íslenska bókmenntafélags um langt skeið. Eiginkona Jóns var Katrín Þorvaldsdóttir (1829–1895). Þau eignuðust einn son, Þorvald, sem lést aðeins 15 ára gamall árið 1883. Jón lést 4. september 1888.

Launalaus bókavörður

„Jón Árnason sat yzt í bókasafninu, þegar það einu sinni í viku var opið til útlána, og tók á móti lánbeiðendum; lestrarstofa var engin, og fátt lánað út nema skáldsögur og aðrar skemtibækur. Var svo ákveðið, að hver er fjekk bækur að láni, skyldi gjalda 3 mörk ár hvert, en sárfáir borguðu. Fje þetta átti Jón Árnason að fá í laun fyrir ómak sitt, en launin urðu rýr, svo stjórnarnefnd safnsins gerði 11. janúar 1867 þá breyting á þessu, að fjehirðir skyldi heimta tillögin, en bókavörður fá 50 rd. í þóknun ár hvert, og þau laun ein hafði Jón Árnason til 1881.“

Þorvaldur Thoroddsen. *Minningabók*. 1922.

Jón er einna þekktastur fyrir útgáfu sína á *Íslenzkum þjóðsögum og ævintýrum* (1862–1864). Af öðrum ritstörfum hans má nefna *Ágrip af ævisögu dr. Marteins Lúters* (1852), *Söguna af Karlamagnúsi* (1853) og *Íslenzkar gátur* (1887). Þá tók Jón saman *Skrá yfir prentaðar íslenzkar bækur og handrit í Stiptisbókasafninu í Reykjavík* (1874).

Eftir Jón liggur mikið handritasafn sem varðveitt er á Landsbókasafni. M.a. eru þar handritin að þjóðsögunum auk ýmissa kvæða-, rímna- og sagnahandrita, svo fátt eitt sé nefnt.

Stjórn safnsins og bókaverðir

Frá árinu 1818 til 1848 réði stjórnarnefnd sem í sátu 3–5 menn. Var stiftamtmaður jafnan formaður þeirrar nefndar og gegndi hann auk þess bókavarðarstörfum.

Fyrsti bókavörðurinn var ráðinn árið 1848.
Jón Árnason (1819–1888), bókavörður 1848–1881 og landsbókavörður 1881–1887.
Hallgrímur Melsted (1819–1906), landsbókavörður 1887–1906.
Jón Jacobson (1860–1925), landsbókavörður 1906–1924.
Guðmundur Finnbogason (1873–1944), landsbókavörður 1924–1943.
Þorkell Jóhannesson (1895–1960), landsbókavörður 1943–1944.
Finnur Sigmundsson (1894–1982), landsbókavörður 1944–1964.
Finnbogi Guðmundsson (1924–2011), landsbókavörður 1964–1994.
Nanna Bjarnadóttir (f. 1940), landsbókavörður 1994 sept.–nóv.
Einar Sigurðsson (f. 1933), landsbókavörður 1994–2002.
Sigrún Klara Hannesdóttir (f. 1943), landsbókavörður 2002–2007.
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (f. 1955), landsbókavörður frá 2007.

Á Dómkirkjuloftinu (1825–1881)

Dómkirkjuloftið var þegar árið 1818 valið sem ákjósanlegur staður fyrir safnið, en kirkjan var byggð árið 1787. Herbergið á kirkjuloftinu var tilbúið í nóvember 1825 og var þá bókunum raðað í hillur og safnið opnað til afnota í lok þess árs. Samkvæmt reglum um útlán bóka frá árinu 1826 var safnið opið einn dag í viku hverri (miðvikudag) milli kl. 11 og 12.


Árið 1847 var ákveðið að breyta og gera við Dómkirkjuna og var safnið því flutt í Lærða skólann á meðan. Þegar Jón Árnason var ráðinn bókavörður ári seinna var eitt af fyrstu verkum hans að endurraða bókunum á Dómkirkjuloftinu.

Aðstaða safnsins var þó heldur bágborin og Jón Árnason kvartaði árum saman yfir þessu í bréfum sínum til stjórnarnefndar safnsins. Það var þó ekki fyrr en árið 1867 að ákveðið var að gera við kirkjuloftið og var safnið þá flutt í nýtt bókhlöðuhús Lærða skólans, sem síðar hlaut nafnið Íþaka. Var safnið flutt aftur á kirkjuloftið síðla árs 1868.

Í ársbyrjun 1870 kvartaði Jón yfir plássleysi. Vildi hann láta útbúa sérstakt útlánsherbergi, bæði til að auka húsrúmið og til að aftra lántakendum frá að „ösla innan um sjálft bókasafnið, rífa til og raga þar í bókunum í hyllunum, og með því trufla opt og tíðum fyrir mér röð á safninu.“

Í árslok 1878 var enn á ný fyrirsjáanlegt að safnið þyrfti að hrekjast af Dómkirkjuloftinu sökum viðgerða og skyldi húsnæðið rýmt fyrir 1. apríl 1879. Jón Árnason, sem þá gegndi einnig starfi bókavarðar Lærða skólans, taldi ómögulegt að koma safninu fyrir í bókasafni skólans. Þó fór það svo að safninu var hrúgað á gólf bókhlöðu Lærða skólans.

Árið 1879 dró til tíðinda í húsnæðismálum safnsins. Þá var samþykkt þingsályktunartillaga um „bygging á húsi handa alþingi og söfnum landsins“.





„Um húsrúm bókasafnsins, sem það er nú geymt í, skal eg hlífa mér að tala margt í þetta sinn, en einúngis geta þess, að eg get einga ábyrgð á því tekið, hverjum skemdum safnið nú og framvegis er undirorpið bæði af snjófoki og leka, þar sem það er sannsagt, að þak og gluggar bókasafnsins, eins og kirkjuloftsins yfir höfuð, halda hvorki vindi né vatni. Nú verður og ekki heldur leingur frestað að fjölga skápum á safninu, svo að í þá verði látnar bækur þær, sem í nokkur ár hafa safnast fyrir, og orðið að liggja á gólfinu hrúgum saman.“

Lbs 40 NF. Bréf frá Jóni Árnasyni til stjórnarnefndar Stiftisbókasafnsins, dags. 31. desember 1863.

Handritasafn sett á fót

Handritasafn var stofnað innan Landsbókasafns árið 1846 en þann 5. júní það ár undirritaði konungur leyfi til að kaupa handritasafn af Valgerði Jónsdóttur, sem var ekkja eftir biskupana Hannes Finnsson og Steingrím Jónsson.

Sögu safnsins má rekja til Jóns Halldórssonar, prófasts í Hítardal, en Jón var mikill fræðimaður. Eftir lát hans tók Finnur, biskup í Skálholti, við handritum föður síns og seinna sonur Finns, Hannes, líka biskup í Skálholti. Báðir stunduðu þeir fræðastörf og juku mikið við handritasafnið.


Eiginkona Hannesar var áðurnefnd Valgerður Jónsdóttir og við lát hans erfði hún allt handritasafnið.

Seinni maður Valgerðar var Steingrímur Jónsson, síðar biskup í Laugarnesi. Hann lét sér mjög annt um handritin og jók safnið einnig umtalsvert um sína daga. Eftir lát Steingríms bauð Valgerður allt safnið til sölu og þegar kaupin voru gerð innihélt handritasafnið 393 bindi.

Safnið jókst smám saman með gjöfum eða kaupum frá ýmsu fólki, sérstaklega eftir að Jón Árnason bókavörður gaf út kver árið 1862 og hvatti fólk til að efla safnið með því að koma með gögn þangað til varðveislu. Árið 1874 voru 539 handrit í safninu og því höfðu 146 handrit bæst við safnkostinn eftir kaupin 1846.

Árið 1879 var handritasafn Jóns Sigurðssonar keypt en það innihélt 1.342 handritanúmer. Árið 1901 voru fest kaup á handritasafni Hins íslenska bókmenntafélags, um 1.800 handritanúmer eða safnmörk.

Í dag eru varðveitt um 15 þúsund handrit í handritasafni og um 1.000 einkaskjalasöfn.



Árið 1962 fékk handritasafnið sér sal í Safnahúsinu og var þá um leið sérstök deild í safninu – handritadeild. Árið 2011 var nafni handritadeildar breytt í handritasafn.

Í Alþingishúsinu (1881–1908)

Í apríl 1879 hafði safninu verið komið fyrir í bókhlöðu Lærða skólans vegna viðgerða á Dómkirkjuloftinu. Smíði Alþingishússins var lokið árið 1881 og þangað var safnið flutt beint úr Lærða skólanum. Sérstök lesstofa var útbúin í upphafi. Fyrir lestrarsal var tekið innra herbergið að vestanverðu við anddyri hússins og ákveðið að læstir bókaskápar skyldu gerðir við vestari gafl lesherbergisins undir handbækur safnsins. Þá voru fest kaup á 24 amerískum tréstólum til afnota í lestrarsalnum. Loks var handritum safnsins komið fyrir í öruggri geymslu, en þau voru geymd í eldtryggum klefa í norðausturhluta hússins.



Í fjárlögum 1885 voru veittar 200 kr. til járnhurða fyrir glugga, svo að herbergið, þar sem handritin voru geymd, yrði eldtraust. Strax eftir að safnið fluttist í nýtt húsnæði var reglum um afnot þess breytt á ýmsa lund og opnunartími safnsins var lengdur. Var safnið nú opið þrjá daga í viku, mánudag, miðvikudag og laugardag, milli kl. 12 og 15. Á þessum árum jókst safnkosturinn mikið. Árið 1883 áætlaði Jón Árnason að bækur safnsins væru um 20 þúsund bindi en árið 1906 átti safnið 69 þúsund bindi bóka. Ástæða þessa var ekki síst sú að árið 1886 var íslenskum prentsmiðjum gert að láta safninu í té tvö eintök af því sem prentað væri, samkvæmt lögum.

Stiftisbókasafn – Landsbókasafn

Fyrstu áratugina bar safnið heitið Stiftisbókasafn Íslands. Árið 1881 skrifaði Jón Ólafsson ritstjóri í tímarit sitt, *Skuld*: „Flestir munu vita til þess, að til er nokkuð sem heitir „Íslands Stiftisbókasafn.“ – Vér skulum ekki dvelja lengi við nafnið; það er frá þeim tíma, þegar Ísland var skoðað sem eitt „stifti“ Danmerkr og því var skipt í „ömt“ og hafði amt-menn og stiftamtmenn – alt upp á sína dönsku! ... Það er þá vonandi að allir kannist við, að eigi sé vel til fallið, að bókasafn landsins verði það eina nátt-tröll, er dagar uppi hjá oss frá dönsku tímunum. Vér vonum allir kannist við að vel fari á að skíra það sem fljótast upp aftr og nefna það íslenzku nafni. Nefnum það lands-bókasafn. Það er íslenzkt nafn og óbrotið, og það táknar það, sem safnið er, og það, sem það á að vera.“ Um haustið það sama ár fékk safnið heitið Landsbókasafn hjá fjárlaganefnd neðri deildar Alþingis, og varð nafnabreytingin í kjölfarið á því.

Í Safnahúsinu (1909–1994)

Danski arkitektinn F. Kiörboe hafði umsjón með byggingu Safnahússins. Trésmiðjan Völundur var verktaki hússins og var Guðmundur Jakobsson trésmíðameistari umboðsmaður hennar við byggingu hússins, einn virtasti byggingameistari landsins á þeim tíma. Guðjón Gamalíelsson bar ábyrgð á steinsmíði, Helgi Thordersen sá um trésmíði en járnsmíði annaðist Páll Magnússon. Útveggir hússins voru tvöfaldir og hlaðnir ofan á steyptar undirstöður. Steinarnir voru gegnheilir byggingarsteinar úr steypu, en um þetta leyti voru fyrstu skref stigin í notkun steinsteypu til húsbygginga hér á landi. Loftið yfir lestrarsalnum var sérlega rammbyggt. Umgjörðin um aðaldyr hússins kom frá Danmörku, unnin úr graníti. Ákveðið var að nöfn merkra Íslendinga skyldu greypt á húsið. Ekki er ljóst hver valdi nöfnin en þau eru Ari Þorgilsson fróði, Snorri Sturluson, Guðbrandur Þorláksson biskup, Hallgrímur Pétursson, Jón Halldórsson, Eggert Ólafsson, Jón Espólín og Sveinbjörn Egilsson. Húsgögn í lestrarsali Landsbóka- og Þjóðskjalasafna voru smíðuð á húsgagnavinnustofu Jóns Halldórssonar & Co í Reykjavík, eftir teikningum Kiörboes.

Fljótlega eftir að safnið flutti í Alþingishúsið var orðið afar þröngt um það. Árið 1895 var samþykkt í báðum deildum Alþingis tillaga um að „reisa skuli bygginu úr steini fyrir æðri menntastofnanir landsins og söfn þess í minningu 50 ára afmælis alþingis."

Ekkert gerðist þó í þessum málum fyrr en 10 árum seinna, þegar Hannes Hafstein ráðherra lagði fram frumvarp til laga um stofnun byggingarsjóðs og byggingu opinberra bygginga í sex greinum. Í 6. grein frumvarpsins var stjórninni veitt heimild til „að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig byggð, að auka megi við hana síðar eftir þörfum, en í bráð skal hún rúma Landsbókasafnið og Landsskjalasafnið eins og þau nú eru ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50–60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eftir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja allt að 160 þúsund krónum."

Húsið var teiknað af danska arkitektinum Johannes Magdahl Nielsen. Hornsteinn lagður að húsinu 23. september 1906 og hófust flutningar safnsins haustið 1908. Það var svo opnað formlega 28. mars 1909. Safnahúsið hýsti í upphafi fjögur söfn; Forngripasafnið, Landsbókasafnið, Landsskjalasafnið og Náttúrugripasafnið.

Á þeim 85 árum sem safnið var í Safnahúsinu tók starfsemi þess miklum breytingum. Fjöldi starfsmanna jókst til muna. Starfsmenn safnsins voru þrír árið 1909 en um 40 starfsmenn störfuðu í Landsbókasafni þegar það sameinaðist Háskólabókasafni 1994. Safnkosturinn óx úr um 70 þúsund bókum og tímaritum árið 1909 í ríflega 444 þúsund bindi árið 1994. Sömuleiðis hafði handritum fjölgað til muna, úr um 7.000 bindum í 13.400 bindi.

Meðal þeirra breytinga sem urðu á starfsemi safnsins var að myndastofa tók til starfa í húsinu á 5. áratugnum og viðgerðarstofa árið 1964.

Lestrarsalurinn í Safnahúsinu

Landsbókasafn Íslands hafði aðsetur í Safnahúsinu árin 1909–1994 eða í 85 ár. Allan þann tíma má segja að lestrarsalurinn í húsinu hafi verið andlit safnsins út á við. Í ræðu við opnun hússins 28. mars 1909 sagðist Jón Jacobson landsbókavörður vona að lestrarsalurinn og safnið yrði „gróðrarstöð vísindalegrar og andlegrar þekkingar á þessu landi ...“.

Á lestrarsalnum sátu oft helstu skáld og fræðimenn þjóðarinnar til að afla sér heimilda og skrifa. Í austurenda salarins sat bókavörður á upphækkuðum palli, annaðist afgreiðslu og vakti yfir salnum. Þar voru menn sem voru þekktir fyrir rit- og fræðastörf eins og Jón Aðils, Árni Pálsson, Guðbrandur Jónsson, Þórhallur Þorgilsson, Agnar Þórðarson og Haraldur Sigurðsson. Lestrarsalinn sótti talsvert af námsfólki, aðallega til próflestrar, og stundum myndaðist togstreita á milli þeirra og annarra gesta vegna plássleysis og ráps og hávaða í þeim fyrrnefndu. Fastagestir kvörtuðu einnig yfir kulda og slæmri lýsingu á salnum og árið 1917 var hann um tíma lokaður vegna eldiviðarskorts. En aðallega var kvartað yfir því að opnunartíminn væri óhentugur vinnandi fólki. Ekki væri opið á kvöldin og aðeins nokkra klukkutíma á laugardögum. En úr því rættist um miðja öldina þegar farið var að hafa opið til kl. 22 á virkum dögum og átta tíma á laugardögum.

Lestrarsalurinn er langstærsta herbergi Safnahússins og í honum voru sæti fyrir 40 manns við sex stór sex manna eikarborð og tvö tveggja manna. Bæði borðin og stólarnir við þau voru íslensk smíð eins og annað innanstokks. Áklæðið á stólum og borðplötum er dökkgrænt og gólfið er lagt með dúk í sama lit og viðarklæðning og hillur á veggjum eru grænmáluðar. Inni í salnum eru tvær miklar súlur úr grágrýti, höggnar til úr efni sem sótt var í Öskjuhlíð. Lofthæðin er rúmir sex metrar og á norðurveggnum eru stórir gluggar. Á suðurveggnum og öðrum veggjum voru helstu handbækur í löngum röðum eins og Britannica og Brockhaus. Á vesturvegg tifaði og sló Borgundarhólmsklukka. Sumum fannst vera í salnum ákveðin lykt, hvorki góð né vond en nokkuð þung og sérkennileg. En allir þeir sem sóttu salinn um lengri tíma eru sammála um það að þar hafi ríkt andrúmsloft kyrrðar og alvöru.

„Inn í lestrarsal Landsbókasafnsins kom ég ekki fyrr en löngu seinna, enda var okkur ljóst að hann var ekki ætlaður börnum, en það var bót í máli að geta séð yfir hann í gegnum glugga á leiðinni upp stigann sem lá til Þjóðminjasafnsins og virt fyrir sér ábúðarmikla menn sem þar sátu niðursokknir við lestur og skriftir, sumir með stóra stafla bóka og skjala í kringum sig, svo að maður fylltist lotningu yfir þeirri visku sem þarna hlyti að ráða ríkjum. Ekki veit ég hvort ákveðnar reglur giltu um aldursmörk á lestrarsal, en áhugasamir unglingar byrjuðu að venja komur sínar þangað um fermingaraldur. Sumir menntaskólanemar notuðu salinn jafnvel til lestrar undir tíma, enda sáum við fljótt að þarna sátu menn yfir alls kyns bókum, ekki bara háleitum vísindum eins og við höfðum áður haldið.“

Jóhannes Nordal. „Þjóðmenningarhúsið fyrr og nú.“
Safnahúsið 1909—2009 Þjóðmenningarhúsið. 2009.

100 ára afmælishátíð Landsbókasafns 28. ágúst 1918

„Í morgun (28. þ.m.) var komið sama óveðrið aptur. Stormur mikill og úrhellisdembur af útsuðri og stytti aldrei alveg upp fram eptir degi. En síðari part dags lægði storminn. Í dag var haldinn 100 ára afmælisdagur Landsbókasafnsins með hátíð í lestrarsal safnsins. Hjelt Jón Jacobson þar hátíðaræðu, sem stóð yfir í 1½ klukkutíma. Var það skörugleg ræða eins og við var að búast af Jóni. Rakti hann þar sögu safnsins rækilega og fór sjerstaklega mörgum og fögrum orðum um Rafn. Söng þar söngfjelagið „17. júní“ ... kvæðaflokk eptir Þorstein Gíslason ritstjóra. Fór þessi hátíð vel fram. – Þegar út var gengið af hátíðinni var stórviðrishryðja svo mikil að sjaldan er meiri. Við hátíðina voru fjöldi boðsgesta, svo að hátíðarsalurinn var svo að segja troðfullur. En ekki veit jeg hve margir voru þar.“

Lbs 365 NF. Hannes Thorsteinson, dagbók 1918.

Bókband og forvarsla



Guðjón Runólfsson fetaði í fótspor föður síns og starfaði sem bókbindari á safninu um árabil.



Vigdís Björnsdóttir.

Sama ár og flutt var í Safnahúsið við Hverfisgötu var þar tekin í notkun bókbandsstofa og fastráðinn bókbindari. Hlutverk bókbandsstofu er að annast bókband og annan frágang rita til notkunar og/eða varðveislu í safninu auk þess að sjá um viðhald á prentuðum ritum.


Á fyrstu árunum var mjög erfitt að fá bækur bundnar inn fyrir safnið. Prentuð rit og handrit voru oft í mjög slæmu ástandi, bæði fúin og ónýt. Framan af lét Hið íslenska bókmenntafélag binda utanlands á sinn kostnað meginhluta bóka þeirra sem safninu höfðu borist, en Hoppe stiftamtmaður lét senda til Kaupmannahafnar dýrmæt rit til bands þar. Þegar leið á 19. öld var hagleiksmaðurinn Páll stúdent Pálsson fenginn til að gera við og binda bækur, hann hóf störf hjá safninu um miðbik aldarinnar. Hann vann til fjölda ára í handritasafninu og batt inn handrit og bækur.

Árið 1907 fór Runólfur Guðjónsson utan til að læra bókband og meðferð skemmdra skjala og handrita á vegum Landsbókasafns og Landsskjalasafns og varð hann fyrsti forstöðumaður nýrrar bókbandsstofu safnsins.

Vigdís Björnsdóttir var fyrsti menntaði handritaforvörðurinn á Íslandi. Eftir að hafa starfað sem kennari í um 25 ár söðlaði hún um og lærði handritaviðgerðir í Englandi. Til þess hlaut hún styrk frá Kvenstúdentafélagi Íslands. Að námi loknu, árið 1964, hóf Vigdís störf á viðgerðarstofu og sinnti viðgerðum fyrir Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn og Handritastofnun (síðar Stofnun Árna Magnússonar). Jafnframt veitti hún stofunni forstöðu.

Þegar Landsbókasafn og Háskólabókasafn sameinuðust í desember 1994 í Þjóðarbókhlöðu urðu talsverðar breytingar á starfsemi bókbandsstofunnar, þörf var á endurskipulagningu til að mæta auknum kröfum um frágang og bókband. Áður hafði verið lagt mikið upp úr hefðarbandi og sundurleitu bandi af ýmsu tagi. Bókbandsstofa og forvarsla voru sameinaðar og umbætur gerðar á efnisnotkun og verklagi. Bókband var einfaldað og rit bundin á hagkvæmari hátt án þess að draga úr styrk og gæðum bandsins. Bætt var við talsverðu af tækjum og er bókbandsstofan nú búin öllum þeim tækjakosti sem til þarf til að sinna þörfum safnsins.

Flutningar í seinni heimsstyrjöld




Guðmundur Finnbogason.

Hernámsdaginn 10. maí 1940 skrifuðu meðlimir háskólaráðs og nokkrir kunnir fræðimenn nánast samhljóða bréf til Guðmundar Finnbogasonar landsbókavarðar, Matthíasar S. Þórðarsonar þjóðminjavarðar og Barða Guðmundssonar þjóðskjalavarðar þar sem þeir hvöttu til þess að helstu munir þessara safna yrðu fluttir frá Reykjavík vegna hættu á loftárásum Þjóðverja í kjölfar hernáms Breta.

Forráðamenn Safnahússins voru þá þegar byrjaðir að undirbúa varðveislu handritanna ef til stríðsátaka kæmi. Á hernámsdaginn lét landsbókavörður flytja allt handritasafn Landsbókasafns í kjallara hússins eins og hann lýsir í bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins daginn eftir:

„Sökum þess að enginn veit nema Reykjavík kunni þá og þegar að verða fyrir loftárás, taldi eg mér skylt að reyna að tryggja handritasafn Landsbókasafnsins svo vel sem unnt var í skjótri svipan og lét því undir eins í gær flytja hin 9000 bindi handritasafnanna af efstu hæð niður í miðherbergi kjallarans og setja sandpoka fyrir gluggana. Gerði eg þetta í samráði við skrifstofustjórann á 1. skrifstofu og við lögreglustjórann, sem taldi nokkra tryggingu í þessari ráðstöfun.“

Með þessum snöggu viðbrögðum landsbókavarðar var Safnahúsið fyrsta byggingin í Reykjavík í styrjöldinni sem var varin með sandpokum. Þó var ákveðið að verða við áskoruninni um flutning dýrgripa úr borginni og var litið til Þingvalla og síðar Hveragerðis sem ákjósanlegra varðveislustaða. Að lokum urðu Flúðir fyrir valinu, en þar var tiltölulega nýlegt skólahús sem var talið henta vel til að geyma bækur, skjöl og handrit. Þriðjudaginn 21. maí 1940 var hafist handa við að flytja handrit og elstu bækur Landsbókasafns úr bænum ásamt ýmsum skjölum Þjóðskjalasafns. Þessi gögn voru varðveitt á Flúðum fram að stríðslokum 1945 en Finnur Sigmundsson landsbókavörður skrifaði í *Árbók* safnsins fyrir það ár að „[þ]egar þetta er ritað, er heimflutningi handritanna nýlokið. Verður eigi annað séð en að þau séu jafngóð eftir flutninginn og útlegðina.“



Reykjavík, 10. maí 1940.

Vér undirritaðir leyfum oss hérmeð að skora fastlega á yður, herra landsbókavörður, að koma því tafarlaust til leiðar, að allt handritasafn Landsbókasafnsins sem og þau íslensk fornprent, sem telja verður sérlega verðmæt vegna prívatvafnsi hættu á loftárásum á Reykjavík flutt burt úr borginni og komið fyrir á sem öruggustum stað utan hennar.

Vér viljum með öllu eyða öllu því, að nefndir hlutir verði gerðir á nokkurn hátt landsbókasafnsins, þar sem ella verður, að það að sumu leyti óviðunandi tryggingu fyrir því, að þeir farist ekki.

Virðingarfyllst

Herra
landsbókavörður dr. phil. Guðmundur Finnbogason
Reykjavík.

Áskorun til landsbókavarðar um að handritasafni og fágætu fornprenti verði komið í öruggt skjól.

Háskólabókasafn

Háskólabókasafn var formlega stofnað árið 1940, en forsaga þess teygir sig nær öld lengra aftur í tímann, eða allt til þess er stofnaður var Prestaskóli árið 1847. Bæði hann og Læknaskólinn (stofnaður 1876) og Lagaskólinn (stofnaður 1908) komu sér upp bókasöfnum sem urðu eign viðkomandi háskóladeilda eftir að Háskóli Íslands var stofnaður 1911. Heimspekideildin, sem var stofnuð um leið og Háskólinn, eignaðist einnig fljótlega nokkurn bókakost. Þegar Aðalbyggingin var tekin í notkun vorið 1940 voru bókasöfn deildanna sameinuð í eitt Háskólabókasafn sem fékk hluta af bakálmu hússins og var opnað 1. nóvember sama ár.

Bókakostur safnsins var þá um 30 þúsund bindi. Árið 1941 var lögfest að safnið fengi eitt eintak af öllu því efni sem prentað var í landinu. Allt til ársins 1964 var háskólabókavörður eini fastráðni starfsmaður safnsins, en starfsmönnum fjölgaði smám saman og þegar safnið sameinaðist Landsbókasafni Íslands 1994 voru þeir orðnir rúmlega tuttugu. Þá var fjöldi binda í safninu um 345 þúsund.

Háskólabókaverðir 1940–1994

Einar Ólafur Sveinsson, háskólabókavörður 1940–1945.
Björn Sigfússon, háskólabókavörður 1945–1974.
Einar Sigurðsson, háskólabókavörður 1974–1994
(í leyfi frá 1992 til 1994).
Þórir Ragnarsson, háskólabókavörður 1992–1994
(staðgengill Einars Sigurðssonar).



Starfsfólk Háskólabókasafns 1990. Ljósmynd: Jóhannes Long.



Í lestrarsal við Háskólabókasafn 1951. Ljósmynd: Hans Málberg.

Flutt í Þjóðarbókhlöðu

Landsbókasafnið hafði verið í Safnahúsinu við Hverfisgötu frá 1909 þegar kom loks að flutningum í Þjóðarbókhlöðuna 1994. Þá var orðið mjög þröngt um starfsemina, þó svo að önnur söfn sem voru þar upphaflega, hefðu farið annað. Háskólabókasafnið var til húsa í bakálmu við Aðalbyggingu Háskóla Íslands frá stofnun árið 1940 og fram að flutningum í Þjóðarbókhlöðuna.



Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður ásamt starfsfólki Landsbókasafns á tröppum Safnahússins, skömmu fyrir flutningana. Finnboga á vinstri hönd er Nanna Bjarnadóttir sem var sett landsbókavörður meðan á flutningunum stóð.







Við Aðalbyggingu HÍ 1975. Frá vinstri: Ingi Sigurðsson, Óskar Árni Óskarsson, Einar Sigurðsson, Jóhanna Júlíusdóttir og sonur hennar Brjánn, Ólafur Magnússon, Sigríður Lára Guðmundsdóttir, Christine Knüppel, Guðrún Karlsdóttir, Þórður Kr. Jóhannsson.

Sameining safna og bygging Þjóðarbókhlöðu

Fljótlega eftir stofnun Háskólabókasafns árið 1940 var farið að tala um sameiningu þess og Landsbókasafns. Árið 1956 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að athuga hvort það væri hagkvæmt að sameina söfnin að einhverju eða öllu leyti. Menn töldu óhagstætt að hér væri haldið uppi tveimur vísindalegum bókasöfnum er hefðu litla sem enga samvinnu sín á milli. Nýtt safnhús yrði þá reist í næsta nágrenni við háskólabygginguna. Árið 1957 samþykkti Alþingi síðan ályktun þess efnis að sameina ætti söfnin tvö eins fljótt og unnt væri á næstu árum.

Lítil hreyfing komst hins vegar á málin fyrr en árið 1966 að skipuð var önnur nefnd sem ítrekaði niðurstöðu fyrri nefndar. Í framhaldi af 150 ára afmæli Landsbókasafns árið 1968 var tilkynnt að Þjóðarbókhlaða yrði reist sem höfuðminnisvarði hátíðarhalda í tilefni 11 alda byggðar á Íslandi árið 1974 og var þingsályktunartillaga um það samþykkt á Alþingi árið 1970. Á sama tíma var greint frá því að nýju bókasafnshúsi hefði verið ákveðinn staður á svæði við Birkimel nálægt Hringbraut.



Byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu um miðjan 9. áratuginn ásamt arkitektinum Manfreð Vilhjálmssyni sem er lengst til vinstri. Við hlið Manfreðs er Hörður Bjarnason húsameistari, þá Finnbogi Guðmundsson landsbókavörður sem var formaður nefndarinnar og Einar Sigurðsson háskólabókavörður, Árni Gunnarsson og Sigmundur Guðbjarnason háskólarektor.



Skipuð var byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu og Óli Jóhann Ásmundsson arkitekt fenginn til sérfræðilegrar þjónustu. Tveimur árum síðar voru arkitektarnir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson ráðnir til að teikna bókhlöðuna. Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna á Birkimelslóðinni 28. janúar 1978 og byrjað var að grafa fyrir Þjóðarbókhlöðu. Sökklar og botnplata voru steypt en síðan stöðvuðust framkvæmdir og þær lágu niðri allt árið 1979. Kjallari hússins var steyptur ári síðar. Að tillögu Ingvars Gíslasonar menntamálaráðherra voru allar fjórar hæðir hússins steyptar upp í einni lotu árið 1981. Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, lagði hornstein að Þjóðarbókhlöðu 23. september það ár, sem var 740. ártíð Snorra Sturlusonar.

Alþingi samþykkti 1986 lagafrumvarp fyrir atbeina Sverris Hermannssonar menntamálaráðherra um „þjóðarátak til byggingar Þjóðarbókhlöðu“, er í fólst sérstakur eignarskattur. Bæta skyldi 0,25% á eignarskattsstofn landsmanna árin 1987–1989 og þær tekjur sem þannig fengjust áttu að renna óskiptar til byggingar Þjóðarbókhlöðu, en reyndin varð önnur og verkið hélt áfram að tefjast.

Árið 1991 sagðist nýskipaður menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, aðspurður um mál Þjóðarbókhlöðu, ætla að „leggja höfuðáherslu á áætlun sem gerð var 1990 um að því verki yrði lokið á árinu 1994 og að bókhlaðan yrði þá tekin í notkun“. Tekjur af eignarskattinum færu óskiptar til Þjóðarbókhlöðunnar þar til hún yrði tilbúin og gekk það eftir.

Nokkur umræða var um nafn hins sameinaða safns stuttu fyrir opnunina. Lagt hafði verið til að það yrði kallað Þjóðbókasafn Íslands – Bókasafn Háskóla Íslands en horfið var frá því. Þjóðarbókhlaða þótti heldur ekki ganga þótt það nafn héldist við bygginguna sjálfa. Menntamálanefnd Alþingis lagði til í apríl 1994 að hið sameinaða safn bæri heitið Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og undir því nafni tók það til starfa 1. desember 1994.



Hljóð- og myndsafn
Yngsta eining safnsins

Við sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu árið 1994 varð til tón- og mynddeild. Tilgangur hennar var m.a. að veita aðgang að hljóðritum sem til voru vegna skylduskila á slíku efni og skapa þar með aðstöðu til rannsókna á íslenskri tónlist. Deildinni var einnig ætlað að kaupa efni fyrir kennslu í Háskóla Íslands. Að auki hafa verið keyptar í safnið erlendar útgáfur hljóðrita og kvikmynda sem Íslendingar eiga aðild að, þar sem skylduskil ná ekki yfir þær. Slík útgáfa hefur aukist mikið undanfarinn áratug.

Aðdragandi að stofnun deildarinnar var nokkur enda vaxandi meðvitund um mikilvægi þess að varðveita fleiri útgáfuform en prent. Á meðan útgefnar nótur falla undir prentefni, sem verið hefur skilaskylt frá 1886, féllu útgefin hljóðrit ekki undir skilaskyldu fyrr en breyting var gerð á lögum um skylduskil árið 1977, eða tæpum 70 árum eftir að Pétur Á. Jónsson óperusöngvari hljóðritaði plötur í Kaupmannahöfn fyrstur Íslendinga árið 1910.

Annað sem ýtti á um stofnun tón- og myndeildar var þörf fyrir varðveislu, miðlun og rannsóknir á íslenskri tónmenningu, en tónlistarsöfn eiga sér langa sögu erlendis. Lítil og veikburða tónlistarbókasöfn voru til nokkur í landinu en þau voru annaðhvort vanbúin eða ekki opin almenningi.

Endurskoðuð lög um skylduskil til safna tóku gildi 1. janúar 2003 og var þar enn bætt við útgáfuformum, eins og verkum útgefnum á stafrænu formi á neti, auk útvarpsefnis og kvikmynda, sem Kvikmyndasafn Íslands varðveitir. Nafninu var einnig breytt í Tón- og myndsafn.

Miðstöð munnlegrar sögu, sem safnar, varðveitir og miðlar munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, var sameinuð Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni árið 2007 og Tónlistarsafn Íslands flutti í Þjóðarbókhlöðu úr Kópavogi síðla árs 2017. Þessar tvær einingar voru svo sameinaðar tón- og myndsafni 1. janúar 2018 undir heitinu Hljóð- og myndsafn.

Ef horft er til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem heildar er þar án efa öflugasta tónlistarsafn landsins. Þar eru varðveitt útgefin hljóðrit og myndefni, prentað tónlistarefni eins og útgefnar nótur og tónlistarhandrit margra íslenskra tónskálda.

Til að auka þjónustu við notendur var Hljóðsafnið, stafrænt varðveislusafn fyrir hljóðefni, opnað 2014. Hljóðritamiðlar eru forgengilegir og nauðsynlegt að varðveita hljóðritað efni á stafrænu formi til frambúðar og bæta aðgengi að því. Í Hljóðsafninu er íslensk tónlistarútgáfa af netinu, geisladiskum, stafræn afrit af 78 snúninga hljómplötum og kassettum, auk viðtala úr Miðstöð munnlegrar sögu. Hljóðrit í höfundarrétti er hægt að hlusta á í Þjóðarbókhlöðu, en efni sem komið er úr höfundarrétti er í opnum aðgangi á netinu.



Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Í nýjustu lögum um safnið (142/2011) eru talin upp helstu hlutverk þess:

* að annast alhliða upplýsinga- og þekkingarmiðlun til almennings, fræðimanna og annarrar vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með leiðsögn og aðgengi að upplýsingalindum í hvaða formi sem er,

* að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands, öðrum háskólum landsins og vísinda- og fræðslustarfsemi í landinu með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun,

* að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs, meðal annars með því að annast framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum í samráði við helstu hagsmunaaðila,

* að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun og rannsóknum á íslenskum handritum og einkaskjölum og samsvarandi efni á nýrri miðlum,

* að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila samkvæmt lögum, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni, skrá þau, veita aðgang að þeim og varðveita til framtíðar,

* að vinna að rannsóknum og veita aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi,

* að stuðla að samstarfi, samræmingu og þróun starfshátta bókasafna og veita þeim faglega ráðgjöf.

Frá stofnun bókasafnsins árið 1994 hafa nokkrar starfseiningar verið settar á fót eða sameinast safninu, má þar nefna sérsöfn (1994), Kvennasögusafn Íslands (1996), Miðstöð munnlegrar sögu (2007) og Tónlistarsafn Íslands (2017).